

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 180/2023

frá 5. júlí 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2298 frá 23. nóvember 2022 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir própíkónasóli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 12zzzzzzzzx (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2570) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12zzzzzzzzy. **32022 D 2298:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2298 frá 23. nóvember 2022 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir própíkónasóli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 85).“

2. gr.

Texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2022/2298, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 304, 24.11.2022, bls. 85.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Pascal Schafhauser***

*formaður*

ÓOPINBER ÞÝÐING